

Ed.

363. Frumvarp

~~Ed.~~

til laga um verkakaupsveð.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Verkamenn þeir, konur jafnt sem karlar, sem vinna við sildarútgerð, án þess að vera skráðir hásetar á sildveiðiskip, hafa lögveð í öllum sildarafurðum þeim, er á land flytjast hjá atvinnurekanda þeim, er þeir vinna hjá, til tryggingar greiðslu á umsömdu kaupi, hvort sem það er mánaðar-, viku- eða tíma-kaup eða ákvæðisvinna við verkun sildar.

Lögveð þetta, er nefnist verkakaupsveð, nær til allra sildarafurða, þar með talin ný sild, krydduð, söltuð eða verkuð á annan hátt, einnig til tunna, salts og krydds, sem notað er við sildarútgerð, svo og til þess, sem unnið er úr sild, svo sem lýsis og sildarmjöls.

Lögveðið gengur næst á eftir opinberum gjöldum, sem á veðinu kunna að hvíla, en gengur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldbindingum.

2. gr.

Þegar sildarafurðir, tunnur, salt eða krydd er selt á nauðungaruppboði, þá fellur niður verkakaupsveð í hinu selda, en veðhafi á þá í stað þess veðrétt í kaupverði hins selda, meðan veðið er ekki af hendi greitt. Nú selur eigandi eða umráðamaður sildar síld eða annað það, sem lögveð hvílir á samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa losað veðið með því að greiða kaup fólksins. Skal hann þá teljast brotlegur við lög þessi og sæta sektum samkv. 8. gr. þeirra. Verkakaupsveð fellur niður þegar vörur þær, sem verkakaupsveð hvílir á, eru seldar í hendur kaupanda.

3. gr.

Nú lætur verkakaupsveðhafi ganga að veði með fjárnámi að undangengnum dómi, og skulu fjárnámsvottar þá meta, hversu mikið af veðinu skuli selja til greiðslu veðkröfunnar. Heimilt er skuldunaut við slíkt fjárnám að segja til um það, að hverju af veðinu skuli fyrst gengið.

4. gr.

Verkakaupsveðréttur fellur niður, ef honum er ekki framfylgt með lög-sókn, áður en ár sé liðið frá því að krafan, sem veðið er fyrir, féll í gjalddaga.

5. gr.

Um gildi verkakaupsveðs skal dæmt í máli, sem höfðað er til greiðslu verkakaups eftir lögum nr. 55 frá 31. maí 1927, ef krafa er um það gerð af kröfuhafa, svo og í öllum öðrum þeim málum, sem höfðuð eru til greiðslu verkaups, sé þess krafizt í upphafi málssóknar.

6. gr.

Nú ætlar atvinnurekandi að flytja burt af sildarverkunarstöð sinni sildarafurðir, tunnur, salt, krydd eða annað, sem ætla má, að verkakaupsveð hvíli á, og geta þá þeir, er verkakaupsveð hafa í sildarafurðunum, tunnunum, saltinu, kryddinu eða öðru, krafizt kyrrsetningar á því, og þurfa enga tryggingu að setja fyrir kyrrsetningunni. Krefjast má, að staðfestingarmál út af kyrrsetningunni sé rekið að hætti einkalögreglumála eftir ákvæðum 3. gr. laga nr. 55, frá 31. maí 1927.

7. gr.

Samningar þeir á milli atvinnurekenda og verkafólks, sem fara í bága við lög þessi, eða undanþiggja verkakaupsveð, skulu ógildir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 krónum, nema þyngri hegning liggir við að lögum, og skulu mál út af afbrotunum rekin sem almenn lögreglumál.

skapar verðmæti úr sjávarafurðum, sem á land koma, fái með lögum forgangsveð i því verðmæti“.